

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 20. desember kl. 13:00 var haldinn 313. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Hildur Björnsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson, Eyþór Laxdal Arnalds og Björn Gíslason að hluta. Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir var fjarverandi. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála OR.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 312 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mætti til fundarins Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála. Fór yfir stöðu fjármögnunar ásamt rekstraryfirliti fyrir janúar – nóvember 2021. Umræður.

Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 20.12.2021 um fjármögnunarheimild fyrir árið 2022. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) veitir forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála heimild til fjármögnunar í formi skuldabréfaútgáfu, víxlaútgáfu eða bankaláns fyrir allt að 9,0 ma.kr. á árinu 2022.

Framangreindar heimildir ná einnig til undirritunar allra skjala sem heimildir ná yfir.

Samþykkt með atkvæðum Brynhildar Davíðsdóttur, Gylfa Magnússonar, Völu Valtýsdóttur og Valgarðs Lyngdal. Hildur Björnsdóttir og Björn Gíslason sitja hjá.

Bjarni Freyr gerði grein fyrir sviðsmyndagreiningu um áhrif niðurstöðu dómstóla í Glitnismálinu og mögulegum áhrifum á arðgreiðslur.

Gísli Björn Björnsson mætti til fundarins og gerði grein fyrir skilmálabreytingum á lánasamningum við erlenda banka í kjölfar þess að LIBOR vextir munu hætta á næstunni.

Lögð fram áhættuskýrsla, dags. 14. desember 2021.

3. Lagt er til að Vala Valtýsdóttir taki sæti í starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur í stað Sigríðar Rutar Júlíusdóttur.
Samþykkt samhljóða.
4. Klukkan 13:45 mætti Reynir Guðjónsson öryggisstjóri til fundarins og kynnti stöðu öryggismála í samstæðunni. Umræður.
Reynir lagði fram til rýni stefnu í öryggis- og heilsumálum og lagði til minni háttar orðalagsbreytingar. Stefnan rýnd og samþykkt samhljóða með orðalagsbreytingunum.
5. Klukkan 14:22 mætti Sæmundur Friðjónsson forstöðumaður upplýsingatækni til fundarins og gerði grein fyrir netöryggismálum í samstæðunni. Umræður.

6. Klukkan 14:52 mættu Þrándur Sigurjón Ólafsson, fagstjóri í orkumiðlun og Hildigunnur H Thorsteinsson, framkvæmdastýra Rannsóknna og nýsköpunar til fundarins og kynntu stöðuna á raforkumarkaði. Umræður.

Klukkan 15:00 mætti Eyþór Laxdal Arnalds til fundarins. Björn Gíslason yfifag fundinn á sama tíma.

7. Umfjöllun um tillögu um yfirfærslu á kaldavatnstönkum við Háteigsveg til Vatns- og fráveitu frestað.
8. Stjórn samþykkir að veita Elínu Smáradóttur, yfirlögfræðingi og prókúruhafa, umboð til að ganga frá og undirrita skjöl vegna sölu sumarbústaða við Úlfjótuvatn.
9. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 16.12.2021. Umræður.
10. Ákveðið að halda starfsdag stjórnar miðvikudaginn 26. janúar nk.
11. Önnur mál.
 - Stjórnarformaður gerði grein fyrir hugmyndum um aðkomu fyrirtækisins að vísindarannsóknum með styrkveitingum úr vísindasjóði. Umræður. Stjórn samþykkir að fela forstjóra og stjórnarformanni að móta tillögu og leggja fyrir stjórn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. janúar 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Björn Gíslason, Valgarður Lyngdal Jónsson.

Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eypór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Bjarni Bjarnason

Elín Björg Smáradóttir

Vala Valtýsdóttir

Björn Gíslason